

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 39/2010,
fyrir Loftslagsrannsóknir.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

Heiti sjóðsins verður **Loftslagsrannsóknir (Climate Research Foundation)**.

3. gr. orðist svo:

Markmið stofnunarinnar er að auka vísindalegan og almennan skilning á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á náttúru og mannlegt samfélag.

Stofnunin vinnur að þessu markmiði með því að styrkja samvinnu og þjálfun vísindamanna. Einnig með því að efna til málþinga og ráðstefna sem efla alþjóðleg tengsl og samstarf. Skal starfsemin miða að því, beint og óbeint, að vera mannlegu samfélagi til heilla.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Loftslagsrannsóknir, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. mars 2015,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.